

Ed.

575. Nefndarálit

[57. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér greinir, hefur legið fyrir sjávarútvegsnefnd deildarinnar nú um sinn, en nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið, en þó með breytingu. Með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir yrði Fiskveiðasjóður sviptur tekjum, sem sjóðurinn átti lögum samkvæmt að fá á árinu 1969, en hefur enn ekki fengið. Sú upphæð nemur um 40 milljónum króna. Enn fremur fengi sjóðurinn ekki heldur tekjur samkvæmt sömu lagagrein árið 1970, og má gera ráð fyrir, að sú upphæð yrði eigi lægri en 40 milljónir. Með samþykkt þessa frumvarps yrði því Fiskveiðasjóður sviptur tekjum fyrir áðurgreind 2 ár, sem nema munu eigi lægri upphæð en 80 milljónum króna.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur tekizt á hendur miklar fjárhagslegar skuldbindingar, og fjárbörf sjóðsins er óumdeilanlega mikil. Greiðslubyrði sjóðsins á næstunni verður því mjög mikil. Til þess að gera sjóðnum kleift að standa við eðlilegar skuldbindingar verður að afla honum fjármagns. Að okkar dómi er eðlilegast, að sjóðurinn fái fyrst og fremst það fjármagn, sem hann lögum samkvæmt á að fá. Reynist það fjármagn of lítið, verður að afla sjóðnum tekna eftir öðrum leiðum.

Alþingi hefur áður tekið afstöðu til þess, hvort fella skuli niður framlag ríkissjóðs fyrir árið 1969 samkvæmt C-lið 4. greinar laganna um Fiskveiðasjóð. Hinn 12. maí 1969 var frumvarp um það atriði fellt í Nd. Með hliðsjón af þeirri afstöðu Alþingis eru það næsta undarleg vinnubrögð nú á árinu 1970 að leggja til, að lög verki aftur fyrir sig og hafi þannig áhrif á lögbundin framlög ársins 1969. Það er skoðun okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að slíkar lagasetningar séu óhæfar. Það breytir engu um í þessu efni, að fjárlög árána 1969 og 1970 hafa gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs þau ár falli niður. Fjárlög geta ekki breytt gildandi lögum í þessu efni.

Við höfum á sérstöku þingskjali borið fram breytingartillögur við þetta frumvarp. Nái þær brtt. fram að ganga, munum við greiða atkvæði með frumvarpinu svo breyttu. Verði brtt. hins vegar felldar, munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 14. apríl 1970.

Bjarni Guðbjörnsson,
frsm.

Gils Guðmundsson.

Ólafur Jóhannesson.